



HLJÓMAHÖLL

STYRKIR TIL VIÐBURÐAHALDS Í HLJÓMAHÖLL ÚTHLUTUNARREGLUR

Samþykktar 24. febrúar 2025

Markmið verkefnisins

- Auka aðgengi hópa að viðburðahaldi í sviðslistum í sölum Hljómahallar sem myndu annars ekki eiga kost á viðburðahaldi í húsinu
- Styðja við að fjölbreyttur hópur listafólks fái tækifæri til að koma fram í Hljómahöll
- Auðga menningarlíf í Reykjanesbæ
- Auka nýtingu á salarkynnum og aðstöðu í Hljómahöll

Markhópur

Styrkirnir eru ætlaðir upprennandi listafólki og hópum. Aðrir styrkhæfir viðburðir eru góðgerðarviðburðir og viðburðir sem ætlaðir eru börnum eða eldri borgurum þar sem er enginn aðgangseyrir.

Úthlutunarreglur

1. Auglýst er eftir styrkumsóknum að jafnaði einu sinni á ári ekki síðar en í mars ár hvert og skal afgreiðslu umsókna lokið eigi síðar en um miðjan maí sama ár. Markmiðið er að viðburðir sem hljóta styrk geti orðið sýnilegir í viðburðadagskrá næstkomandi starfsárs Hljómahallar. Styrkir verða auglýstir á heimasíðu Reykjanesbæjar og samfélagsmiðlum Reykjanesbæjar og Hljómahallar.
2. Umsækjendur geta verið einstaklingar eða hópar sem hyggjast vera með listviðburð í Hljómahöll.
3. Umsækjendur sækja um með rafrænum hætti í gegnum reykjanesbaer.is. Í umsókninni skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, ferilskrá helstu þátttakenda, óskatími viðburðar ásamt því að tilgreina sal sem óskað er eftir.

4. Í texta umsóknar skal þess getið um hvaða aðra styrki hefur verið sótt um vegna verkefnis, eða ráðgert er að sækja um, á þeim tímapunkti sem umsóknin er gerð. Úthlutunarnefnd lítur það jákvæðum augum að verkefni hljóti einnig styrkveitingu annars staðar frá.

5. Litið verður til eftirtalinnna atriða við afgreiðslu umsókna hjá valnefnd.

- a. Að verkefnið hafi möguleika á að höfða til nýrra áheyrendahópa
- b. Að umsókn verkefnisins sýni fram á að hér sé á ferð bæði metnaðarfullt og framkvæmanlegt verkefni
- c. Að verkefnið ýti undir fjölbreytni viðburðahalds í Reykjanesbæ
- d. Verkefni frá umsækjendum sem hafa skýra tengingu við Reykjanesbæ og nágrenni njóta alla jafna forgangs

6. Í styrknum felst afnot af salarkynnum fyrir viðburðahald, hljóð- og ljósabúnaði hússins ásamt þjónustu tæknifólks. Viðburður skal fara fram á sunnudegi, mánudegi, þriðjudegi eða miðvikudegi. Ef viðburður fer fram janúar, júní, júlí eða ágúst standa fimmtudagar styrkþegum einnig til boða. Styrkþegi semur um tímasetningu við Hljómahöll og skal gert skriflegt samkomulag/samningur um styrkinn og útfærslu viðburðarins. Styrkir verða ýmist veittir til viðburðahalds í söluum Bergi eða Stapa. Ef óskað er eftir búnaði eða þjónustu umfram það sem er innifalið í styrk greiða styrkþegar þann aukakostnað.

7. Ágóði af viðburðinum að frádregnum kostnaði vegna miðasöluþóknunar og STEF gjalda er greiddur styrkþega skv. gildandi samningi milli Hljómahallar og styrkþega.

8. Styrkþegi skal skila inn stuttri greinargerð að verkefninu loknu.

9. Hvorki Hljómahöll né Reykjanesbær ber fjárhagslega ábyrgð á verkefnum sem hljóta styrk.

10. Merki (logo) Hljómahallar skal birt í því kynningarefni sem birt er og gefið er út í tengslum við þau verkefni sem styrkt eru.

11. Valnefnd áskilur sér rétt til að afturkalla veittan styrk ef hún telur að tvísýnt sé um framvindu verkefnisins, að ljóst þyki að ekki verði af viðburðinum eða þróun verkefnisins stangist á við markmið verkefnisins.

12. Ef grunur er um að verkefni geti haft neikvæð eða niðrandi áhrif á Reykjanesbæ, Hljómahöll eða aðra sem verkefninu tengjast áskilur valnefnd sér rétt til að afturkalla veittan styrk.

13. Ekki er veittur rökstuðningur fyrir afgreiðslu umsókna.

14. Eigandi verkefnisins er menningar- og þjónusturáð Reykjanesbæjar.

15. Menningar- og þjónusturáð áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.